

Ed.

89. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 56 30. maí 1979, um dómvexti, viðauka við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 56/1979 orðist svo:

Krefjist aðili þess í héraðsdómsstefnu, skal í dómi ákveða vexti af dæmdri fjárhæð fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags 5% hærri heldur en vextir eru ákveðnir á hverjum tíma af innistæðum í almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum, enda falli þá niður frá sama tíma samningsvextir og verðtrygging, þar með talin gengistrygging, sem um kann að hafa verið samið. Vaxtavextir skulu reiknaðir ef tímabil það, sem hér um ræðir, er lengra en 12 mánuðir. Aldrei skal þó reikna vaxtavexti oftar en á 12 mánaða fresti.

Dæma má dómvexti þótt vaxtahæð sé ekki greind í stefnu.

Ekki skal dæma dómvexti þegar atvik þau, sem greinir í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur stefna í máli verið birt fyrir gildistöku laga þessara og stefnandi eigi gert þar kröfu um dómvexti getur hann komið dómvaxtakröfu að á síðara stigi málsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og fylgdi frumvarpinu svohljóðandi

Greinargerð.

Með lögum nr. 56 30. maí 1979 voru sett ákvæði um svonefnda dómvexti. Er þar boðið, að krefjist aðili þess, skuli vextir í dómsmáli fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags ákveðnir jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru lögum samkvæmt, þannig að sem fyllst tillit verði tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Ákvæði þessi hafa reynst nokkuð erfið í framkvæmd og mörg vafaatriði komið upp. Athugun bendir til þess að á tímabilinu frá 1. október 1982 til 21. september 1983 hafi Hæstiréttur talið að réttir dómvextir væru 47% á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur þessar verði gerðar skýrari og einfaldari. Dómvaxta verði að krefjast í stefnu, en ekki þurfi þar að greina vaxtahæð. Komi fram í stefnu krafa um dómvexti, skuli frá birtingardegi hennar til greiðsludags ákveða vexti af dæmdri fjárhæð jafna vöxtum af almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum að viðbættum 5%. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 16. september, sbr. auglýsingu frá 18. október 1983, eru vextir af almennum sparisjóðsbókum hjá innlánsstofnunum 32% á ári. Dómvextir myndu því verða 37% á ári. Krefjist aðilar í dómsmáli dómvaxta, þá falla jafnframt niður samningsvextir, verðtrygging og gengistrygging, sem um kann að hafa verið samið. Ef um verðtryggða eða gengistryggða kröfu er að ræða og aðili vill halda þeirri tryggingu, þá fær hann ekki dómvexti, en getur beitt ákvæðum 2. tl. III. kafla fyrrgreindrar auglýsingar Seðlabankans og krafist vaxta, sem eru 5% á ári til viðbótar samningsvöxtum. Á sama hátt

myndi aðili, ef um lögmæt viðskipti í erlendum gjaldmiðli væri að ræða, geta beitt ákvæðum c liðar 2. tl. IV. kafla nefndrar auglýsingar Seðlabankans og krafist 5% vaxta til viðbótar lögmætum vöxtum af innlendum gjaldeyrisreikningum.

Það er gömul og föst réttarvenja að reikna ekki vaxtavexti af dómkreftum. Eins og vaxtamálum hér á landi hefur verið og er enn háttáð getur slíkt valdið verulegu tjóni fyrir kröfuhafa þrátt fyrir ákvæðin um dómvexti. Í frumvarpinu er því lagt til að reiknaðir verði vaxtavextir ef tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags er lengra en 12 mánuðir. Vaxtavextir verði þó aldrei reiknaðir oftar en á 12 mánaða fresti. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum 1. tl. III. kafla auglýsingar Seðlabankans, þeirrar er áður hefur verið getið.

Ákvæðið til bráðabirgða er til að koma í veg fyrir mismunun milli manna vegna lagabreytinganna.